



Umsögn Festu - miðstöðvar um sjálfbærni um Frumvarp til laga um loftslagsmál

Reykjavík, 28. ágúst 2025.

Festa fagnar nýju frumvarpi um loftslagslög enda mikil þörf á að rýna og uppfæra lögin reglulega í takt við síbreytilegt landslag áskorana málaflokksins. Það er margt jákvætt í frumvarpinu svo sem að það eykur skýrleika með því að tímasetja þegar yfirlýst markmið um kolefnishlutleysi. Aukinn skýrleiki fæst einnig í reglulegri endurskoðun á langtímastefnu í loftslagsmálum með skilgreindum millimarkmiðum sem tengir við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Þetta eru góð skref í rétta átt. Enn skortir þó töluvert upp á í að lýsa og lögfesta þar með leiðina að markmiðuðunum, annars vegar 2030 og 2040 markmiðunum og hins vegar kolefnishlutleysi.

Í starfi sínu beinir Festa kröftum sínum að tækifærum rekstraraðila til að auka enn frekar sjálfbærniáherslur í sinni starfssemi. Í takt við markmið félagsins snýr því umsögn Festu að mestu að tækifærum og áskorunum fyrir atvinnulífið.

Athugasemdir:

- Kostnaðar- og ábatagreining** - Tekið er fram að í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum skuli koma fram áætlaður kostnaður við aðgerðir og loftslagsávinningur þeirra. Þetta er jákvætt skref sem mikilvægt er að vinna að en þó er ekki síður nauðsynlegt að tengja inn kostnað við aðgerðarleysi í áætlunina eða jafnvel hvernig kostnaður gæti þróast ef beðið væri með viðkomandi aðgerð. Það sama á við um aðlögunaráætlunina. Þetta er mikilvæg breyta þegar verkefnum er forgangsraðað en jafnframt er þetta mikilvæg breyta til að draga úr misvísandi upplýsingum og skautun í umræðunni um kostnaðarhlið loftslagsaðgerða.
- Hvernig lítur kolefnishlutleysi út?** - Hvernig verður kolefnishlutleysi náð, þ.e. að hve miklu leyti verður stuðst við kaup á einingum vs. samdrátt í losun? Hvernig einingar mun verða fyrir valinu? Hvaða losunaruppsprettur verða teknar með í reikningsdæmið? Það verður ekki komist hjá því að svara þessum spurningum þegar gera á upp markmiðið um kolefnishlutleysi Íslands. Því fyrr sem þessar skilgreiningar liggja fyrir því betra enda eru þær fordæmisgefandi fyrir atvinnulífið auk þess að gefa skýra línu til þeirra aðila sem þróa og selja bindingareiningar.
- Hvar birtist atvinnulífið í frumvarpinu?** - Hvaða væntingar hafa stjórnvöld til atvinnulífsins? Munu þær eingöngu birtast í gegnum aðgerðaráætlun, sem stundum beinist að heilum geirum en stundum jafnvel að einstaka fyrirtækjum? Eru væntingar um að loftslagvegvisar atvinnulífsins verði virtir og ef svo, hvernig

pá? Hafa stjórnvöld væntingar um að atvinnulífið forgangsraði sínum loftslagsverkefnum í bæði samdrætti og bindingu þannig að það nýtist jafnframt ríkinu í að ná sínum markmiðum í ESR og LULUCF flokkunum? Ef slíkar væntingar eru til staðar og gætu jafnvel ratað inn í reglugerðir þá þurfa rekstraraðilar að fá skýrar upplýsingar um það með tímanlegum hætti.

4. **Nýsköpun** - Tryggja að loftslagsnýsköpun og loftslagsverkfræðileg nýsköpun geti þróast í jákvæðu samspili við gildandi reglugerðarumhverfi og í nánu samstarfi við þær stjórnvöld og eftirlitsstofnanir sem hafa hingað til ekki haft mikil afskipti af nýsköpunarstarfssemi. Þetta kallar á endurskoðun reglugerða, fjárveitinga og vinnulags stofnana og því ekki úr vegi að þess sé getið í lögum hvernig að þessu skuli staðið og að þetta verði verkefni samræmingarhópsins, sem getið er í frumvarpinu.
5. **Fjárhagslegir hvatar** - Athygli vekur að sett er sér málsgrein um vistvæn innkaup og er það reyndar útskýrt í greinagerð að þannig náist innleiðing á gerðinni 2009/33/EB. Eftir sem áður er hér um að ræða verkfæri sem nýtir fjárhagsþætti sem stýritæki til samdráttar í losun eða sem hvata til að auka framboð á grænni tækni. Það vekur því tvær spurningar:
 - a. Af hverju er ekki tækifærið gripið og fjallað um fleiri tegundir vistvænna innkaupa, í stað þess að horfa eingöngu til bifreiða? Sem dæmi má taka að loftslagsáhrif byggingarframkvæmda er veruleg og ríkið er stór framkvæmdaaðili sem getur haft mótandi áhrif á framboð og gefið nýskapandi lausnum svigrúm. Ef lögum um loftslagsmál er ætlað að dekkja loftslagsáhrif opinberra innkaupa hefði verið óskandi að víkka fókussinn út þannig að hann næði í að minnsta til framkvæmdaþátta, auk bifreiða.
 - b. Af hverju er ekki settur rammi fyrir beitingu fleiri fjárhagslegra hvata/tóla? Nota hefði mátt tækifærið til að auka fyrirsjáanleika fyrir rekstraraðila og skýra hvaða rammi væri framundan í þeim málum. Dæmi um slík mál gætu verið hraðari afskriftir fyrir græn fjárfestingarverkefni, fjárhagslegir hvatar til fjármálafyrirtækja sem bjóða upp á grænar lánveitingar, auknar kröfur til lífeyrissjóða um sjálfbærar fjárfestingar og skýrari rammi um hvað í þeim felst, beinn lagalegur og fjárhagslegur stuðningur við orkuskipti, skýrleiki í kringum möguleg ríkisafskipti af valfrjálsum kolefnismörkuðum, lægri gjöld til framkvæmdaraðila sem aðlaga hönnun og byggingu innviða og húsnæðis að nýjustu kröfum um flóðavarnir og annað sem gæti talist aðlögun að loftslagsbreytingum o.s.frv. Færa má rök fyrir því að slík upptalning ætti frekar heima í aðgerðaráætlun um loftslagsmál en í ljósi þess að vistvænna innkaupa bifreiða er sérstaklega getið er rétt að benda á þetta.

6. **Stjórnsýsla loftslagsmála** - Samhæfingarhópurinn mætti hafa það á sinni könnu að rýna áhrif mismunandi stjórnvaldsaðgerða á fýsileika rekstraraðila til að ná sínum markmiðum í loftslagsmálum. Sem dæmi má taka að slíkur samræmingarhópur gæti komið í veg fyrir að sagan endurtaki sig hvað varðar þá staðreynd að ekki er til staðar orkunýtnistuðull fyrir íslenskar byggingar, sem kom í veg fyrir að íslensk fyrirtæki gætu sinnt sinni sjálfbærniupplýsingagjöf í samræmi við kröfur ESB. Í þessu tilfalli geta fyrirtæki ýmist orðið af viðskiptatækifærum eða fjármögnunarmöguleikum vegna skorts á gagnsæi og skýrleika í því sem þeim var unnt að skila frá sér.
7. **Sjálfbærniupplýsingagjöf ríkis og sveitarfélaga** - Ríki og sveitarfélög eru líka rekstraraðilar og því er eðlilegt að fram komi upplýsingar um hvort ætlunin sé að A-hluta stofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög vinni í samræmi við ESRS og aðra þá staðla ESB sem væntanlegt er að muni ná til stærri fyrirtæki? Sem fyrr segir eru ríki og sveitarfélög stórir rekstrar- og framkvæmdaraðilar sem sannarlega hafa með starfssemi sinni áhrif á þætti sem CSRD leggur áherslu á, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengunarefna, líffræðilega fjölbreytni, hringrásarhagkerfi o.s.frv.
8. **Virðisikeðjulosun** - Athygli vekur að frumvarpið fókuserar nær eingöngu á það umfang loftslagsmála sem losunarbókhalds Íslands og skuldbindingar Parísarsamkomulagsins móta. Hvergi virðist reynt að nálgast þá staðreynd að losun frá íslensku samfélagi á sér að stórum hluta stað í virðisikeðjum aðfanga, en eins og vistsporsútreikningar fyrir Ísland sýna þá er vistport landsins með þeim stærstu í heiminum. Í gegnum komandi ESB regluverk, svo og valfrjálsar loftslagsvottanir, er stórlega aukin krafa gerð til atvinnulífsins um að fylgjast með og draga úr áhrifum sínum á losun gróðurhúsalofttegunda í virðisikeðjunni. Því endurspeglar það engan veginn raunveruleika stórs hluta atvinnulífsins að hvergi sé talað um virðisikeðjulosun í frumvarpinu. Sjá einnig athugasemd 8, en stór hluti af losun á ábyrgð stofnana og sveitarfélaga á sér sannarlega stað í virðisikeðjum þeirra.
9. **Gagnadrifnar fjárfestingar** - Gögn sem hið opinbera býr yfir geta verið grundvallar tól fyrir loftslagsvegferð fyrirtækja, sbr. upplýsingar um ástand vistkerfa eða tegundafjölbreytileika sem nú þegar er að nokkru leyti tekið saman í gegnum t.d. umhverfismat framkvæmda, Slíkar skýrslur eru gjarnan settar saman af ráðgjafastofum en liggja svo oftast en ekki á pdf-sniðmáti á heimasíðu einnar stofnunnar eða jafnvel á prenti uppi í hillu. API aðgangur atvinnulífsins að opinberum gögnum myndi stórlega auðvelða fjárfestingar atvinnulífsins í loftslagsmálum auk þess að byggja undirstöður fyrir nýsköpun í mörgum geirum þar sem þær sárlega vantar, svo sem í landbúnaði og landnotkun.

10. **Skýrsla ráðherra til þings** - Árleg skýrsla ráðherra til þingsins ætti einnig að innihalda stöðutöku á þeim þáttum sem snúa að atvinnulífínu, svo sem stöðu fjárfestinga í grænum lausnum, kostnað við innleiðingu, samkeppnishæfni, fjölda starfa o.s.frv.
11. **Ráðgefandi álit Alþjóðadómstólsins** - Skynsamlegt væri að greina hvort nýtt frumvarp samræmist ráðgefandi áliti Alþjóðadómstólsins frá 23. júlí 2025 um skyldur ríkja í loftslagsmálum ef slíkt hefur ekki þegar verið gert, ekki síst til að forðast bótaábyrgð,

Fyrir hönd Festu, Elva Rakel Jónsdóttir framkvæmdastjóri.